

## STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2010, miðvikudaginn 21. apríl var haldinn 305. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 08:45. Viðstaddir: Benedikt Geirsson, formaður, Ingi Þór Hermansson, Ingvar Jónsson, Sigurður Guðmundsson, Páll Grétarsson og Egill T. Jóhannsson. Björn Árni Ólafsson boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn: Magnús Árnason framkvæmdastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Á fundinn mætti Helgi Geirharðsson verkfræðingur og kynnti hugmyndir sínar um snjóframleiðslu.
2. Á fundinn mætti Árni Sveinn Sigurðsson verkfræðingur á Verkfræðistofu Norðurlands og fór yfir áætlun um kostnað við uppsetningu snjóframleiðslu í Bláfjöllum og Skálafelli. Helga og Árna falið að vinna frekar að kostnaðaráætlun ásamt Magnúsi sem verði tilbúin til kynningar þann 26. apríl.

kl. 09:50 vék fundarritari af fundi og formaður tók við.

kl. 10:25 véku af fundi, Ingi Þór og Sigurður Guðmundsson

3. Formanni falið að sækja um viðbótarframlag til sveitarfélaganna er standa að rekstri skíðasvæðanna vegna neikvæðrar rekstarniðurstöðu líðandi vetrar.

Fundi slitið kl. 11:00

Benedikt Geirsson

Ingvar Jónsson  
Egill T. Jóhannesson

Páll Grétarsson